

Umsögn vegna starfsleyfisumsóknar Ístaks á Leirvogstungumelum

Málsnúmer: 2019 03 026

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis biður skipulagsfulltrúa í tölvupósti þann 2. des. 2019 um umsögn vegna starfsleyfisumsóknar Ístaks á hluta af lóð Mosfellsbæjar (Inr. 123707) á Leirvogstungumelum. Umrætt svæði hefur ekki verið deiliskipulagt en í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði.

Umsögn skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar tekur mið af framkvæmdaleyfi sem hann veitti Ístak þann 21. mars 2019.

Framkvæmdaleyfið var veitt, skv. 13. og 15. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 20. mars 2019 og bókun skipulagsnefndar skipulagsnefndar frá 19. mars 2019.

Framkvæmdaleyfið felur í sér að geyma megi á lóðinni lausafjarmuni og ökutæki sem tengjast rekstri Ístaks og er öll önnur hagnýting óheimil. Í framkvæmdarleyfinu kemur einnig fram að, ekki er heimilt að byggja mannvirki á lóðinni og að óheimilt sé að geyma ökutæki/vélbúnað eða annað sem getur valdið hávaða á þeim hluta lóðar sem liggur að reiðstíg. Leyfisveitingin byggist einnig á því að fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samræmi við samþykktan lóðarleigusamning.

Fyrirhugað geymslusvæði skv. umsókn



Mosfellsbær 4. desember 2019

F.h. Skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar

Lára Gunnarsdóttir

Verkefnastjóri á umhverfissviði